

**Fundargerð 383. fundar  
framkvæmdastjórnar Sjúkraliðafélags Íslands,  
haldinn 18. mars, kl. 15.30 að Grensásvegi 16.**

**Fundinn sátu:**

Sandra B. Franks, formaður  
Kristín Ólafsdóttir, varaformaður  
Jóna Jóhanna Sveinsdóttir, gjaldkeri  
Fjarverandi  
Jóhanna Traustadóttir, ritari

**Fundarritun:**

Gunnar Örn Gunnarsson, framkvæmdastjóri SLFÍ

**Dagskrá**

1. Fundur settur
2. Fundargerð síðasta fundar
3. Nýir samningar, kynning
4. Starfshópur um nám sjúkraliða, skipaður af heilbrigðisráðherra skilar niðurstöðu
5. EPN ráðstefnu í Tromsø frestað
6. Fjárhagsáætlun Suðurnesjudeildar afgreidd
7. Drög að uppfærðum lögum félagsins send til skoðunar og í umsagnaferli laganefndar
8. Siðareglur sjúkraliða

**Önnur mál**

**Fundargerð**

1. Fundur settur  
Sandra B Franks (SBF) formaður Sjúkraliðafélags Íslands (SLFÍ) setti fund og bauð fundarmenn velkomna á fundinn og gerði grein fyrir að Jóhanna Traustadóttir væri erlendis.
2. Fundargerð síðasta fundar  
GÖG framkvæmdastjóri SLFÍ gerði grein fyrir að síðasta fundargerð væri samþykkt og komin á netið.
3. Nýir samningar, kynning
  - SBF fór yfir helstu atriði í kjarasamningnum við ríkið, en þar voru fáar breytingar, en mikill sigur fólst í því að koma launahækkuninni upp á 90.000 krónur á samningstímanum á alla virka launaflokka samningsins. Samningurinn um

styttingu vinnuvikunnar sértækt hjá vaktavinnufólki er síðan gríðarlega mikilvægur áfangi til bóta á vinnuumhverfi sjúkraliða í vaktavinnu.

- Samningurinn við sveitarfélögin var að mörgu leyti eins og við ríkið, en þar kom inn sértækt og til viðbótar starfsaldurshækkunar á öll störf hjá sveitarfélögunum, en var áður einungis á sjúkraliða A og B. Einnig kom inn félagsmanna-sjóðsgreiðsla um 80.000 krónur, sem greidd er einu sinn á ári eða 1. febrúar ár hvert. Fyrsta greiðsla verður 1. febrúar 2021. Að öðru leyti var þessi samningur í takt við samninginn við ríkið.
- SBF gerði grein fyrir að erfiðlega gangi að semja við Reykjavíkurborg, en þar er reynt að ná af öllu mati á viðbótarmenntun sjúkraliða og fella úr gildi ákvæði sem við nú þegar höfum í okkar kjarasamningi við borgina. Eins og staðan er í dag þá er langt á milli aðila.
- Fram kom að SBF mun senda fundarboð á fulltrúa samninganefndar Samtaka félaga í velferðapjónustu SFV, en beðið er eftir launagögnum sem beðið hefur verið um.
- GÖG fór yfir að loknum þessum samningum þurfi að fara í uppfærslu á samningum við smærri stofnanir, s.s eins og HNLFI og Reykjalund og fleiri.
- SBF gerði grein fyrir að hún og GÖG hefðu náð að fara til Akureyrar og kynnt samningana við ríki og sveit. Fundurinn var mjög vel sóttur og skilvirkur. Fram kom að í þessu ástandi sem er í samfélaginu höfum við sent út töluvert af kynningargögnum og munum bjóða upp á símatíma fyrir þá sem vilja spyrja sértækt út í samningana.
- Kosningar um samningana munu fara fram dagana 20. til 24. mars um kjarasamninginn við SNS og 24. til 27. mars um samninginn við ríkið.

#### **4. Starfshópur um nám sjúkraliða, skipaður af heilbrigðisráðherra skilar niðurstöðu**

SBF fór yfir að starfshópur um nám sjúkraliða hafi skilað niðurtöðu í skýrslu í síðustu viku. Birna Ólafsdóttir skrifstofustjóri og formaður fræðslunefndar félagsins var fulltrúi í nefndinni. Niðurstaða nefndarinnar var mjög jákvæð og var lagt til að:

- Bjóða þurfi ófaglærðum námsstyrki til að fara í sjúkraliðanám/brúar 15 launaða daga á önn.
- Bjóða félagsliðum sambærilega styrki.
- Bjóða sambærilega styrki til aðila sem hafa áhuga á að skipta um starfsvettvang og mennta sig sem sjúkraliði.
- Tryggja að alltaf eða reglulega verði boðið upp á framhaldsnám sjúkraliða/fagháskólanám.
- Lagt var til m.a. að starfsvettvangur sjúkraliða verði yfirfarinn og uppfærður.

#### **5. EPN ráðstefnu í Tromsö frestað**

SBF gerði grein fyrir að EPN ráðstefnunni, sem átti að halda í Tromsö í júní hafi verið felld niður að höfðu samráði við alla aðila. Umræða var um hvað verði um flugmiðana sem búið er að festa kaup á, málið verður rætt frekar síðar.

#### **6. Fjárhagsáætlun Suðurnesjadeildar afgreidd**

Jóna Jóhanna Sveinsdóttir (JJS) gjaldkeri SLFI fór yfir uppfærða fjárhagsáætlun Suðurnesjadeildar og lagði til að hún yrði samþykkt. Allir sammála því.

**7. Drög að uppfærðum lögum félagsins send til skoðunar og umsagnar laganefndar SLFÍ.**

SBF fór yfir að lagadrögin sem uppfærð voru af framkvæmdastjórn og félagsstjórn SLFÍ hafi verið send á fulltrúa laganefndar. Drögin eru enn í skoðun nefndarmanna.

**8. Siðareglur sjúkraliða**

Umræða var um gildi siðareglna félagsins. Rætt um að halda þeim enn frekar í umræðunni t.d. með birtingu á heimasíðu félagsins og fjallað verður um þær í vorblaðinu.

**Önnur mál**

- Frestun funda framkvæmdastjórnar vegna ástandsins í samfélaginu fram yfir páska.
- Farið var yfir opnunartíma á skrifstofu í þessu árferði.

Fundi slitið kl. 17.10